

Sb.

250. Tillaga til þingsályktunar

um framlag úr ríkissjóði til verðuppbótar á útflutt kjöt 1934.

Frá landbúnaðarráðherra.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að greiða úr ríkissjóði allt að 150000 krónur, er varið sé til að bæta upp verð á útfluttu kjöti af framleiðslu ársins 1934, öðru en ærkjöti, auk þeirrar uppbótar, sem greidd verður á kjötið úr verðjöfnunarsjóði.

Jafnframt beinir Alþingi því til ríkisstjórnarinnar, að mæta þessum útgjöldum með því m. a. að draga 10% -- tíu af hundraði -- af fjárveitingum til nýrra akvega samkvæmt fjárlögum fyrir 1935, og með því að draga þær 50000 krónur af framlagi til Búnaðarbanka Íslands samkvæmt fjárlögum fyrir 1935, sem heimilt er að verja til samvinnubyggða á því ári.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa:

Samkvæmt upplýsingum, sem ríkisstjórnin hefir fengið frá kjötverðlagsnefnd í bréfi hennar, dags. 4. f. m., hefir slátrun, útflutningur og sala á kjöti á árinu orðið svo sem hér segir:

1. Alls er slátrað á landinu um 393636 fjár. Kjöt af því var um 5200 tonn.
2. Í janúarlok var búið að senda úr landinu, eftir skýrslum gengisnefndar, 749,5 tonn af freðkjöti og 776,3 tonn af saltkjöti (6931 tonn).
3. Í landinu voru eftir, samkv. skýrslum trúnaðarmanna 1. febrúar, 804 tonn af freðkjöti, ætlað til sölu erlendis, og 232,6 tonn af saltkjöti, eða 2077 tonn. Í þessu saltkjöti mun vera nokkuð af ærkjöti, en lítið, og af dillakjöti er nú selt nokkuð og komið af stað í febr., svo ekki er eftir af því nema 1300 tonn.
4. Fyrsta febrúar var til 660 tonn af freðkjöti og 1685 tonn (188,7 tn.) af

saltkjöti, ætlað til innanlandssölu. Þar af munu þó um 400 tonn vera ærkjöt, og ef til vill meira. Alls 848,7 tonn.

5. Innanlands hefir verið selt 1789 tonn af kjöti til 1. febr. 1935.

II. Um sölu er þetta að segja:

1. Saltkjöt, sem selt hefir verið úr landinu, hefir mest verið selt til Noregs, aðallega af S. Í. S., eða 5138 tonn af 6931, sem útfluttar hafa verið. Sú sala hefir að meðaltali gefið kr. 79,50 pr. tunnu fritt um borð, en það mun gefa sem næst 55 aura pr. kg. til bænda. Likur eru til, að saltkjötið, sem eftir er og út á að flytja, seljist allt, en víst má telja, að sú sala lækki meðalverðið.
2. Freðkjöt, sem út hefir verið flutt, hefir mest eða allt verið selt af S. Í. S. og meðalverð á því hefir verið um 83 aura pr. kg. fritt um borð. Kostnaður við það hjá félögunum er mjög misjafn, en það mun mega gera ráð fyrir, að hann sé um 15 aurar á hvert kg., og meðalverð til bænda því um 68 aura. Væntanlega verður hægt að selja það, sem eftir er í landinu og ætlað er til útflutnings, en ekki hægt að segja, hver áhrif sú sala kann að hafa á meðalverðið.
3. Salan á nýja kjötinu í haust og freð- og saltkjötinu innanlands í vetur er líklegt, að gefi 80 til 90 aura pr. kg. til bænda að meðaltali. Hvernig gengur að selja það kjöt, sem nú er eftir í landinu og ætlað er til innanlandssölu, og hvert það selzt allt eða með hvaða verði, er ekki unnt að segja.

III. Þegar húið er að endurgreiða verðjöfnunargjald af útfluttu kjöti, verða um 140000 kr. í verðjöfnunarsjóði til að greiða sem uppbót á útflutta kjötið. Það lítur út fyrir, að kjötmagnið, sem út verður flutt, verði samkv. framanskráðu:

Freðkjöt 1553500 kg.

Saltkjöt 1008900 kg.

Þær 140000 kr., sem kjötverðlagsnefnd gerir ráð fyrir samkvæmt framsögðu, að verði handbærar í verðjöfnunarsjóði, þegar húið er að endurgreiða verðjöfnunargjald af útfluttu kjöti, hrökkva skammt til þess, að framleiðendur fái sæmilegt verð fyrir kjöt af fé sínu, þar sem verðið hefir orðið svo lágt á útflutta kjötinu sem raun er á, en með því að ríkissjóður leggi fram 150000 krónur í viðbót, eins og lagt er til í tillögunni hér að framan, mætti vænta þess, að þeir fái verð, sem eftir atvikum megi teljast þolanlegt.

Það þykir ekki fært að auka útgjöld ríkissjóðs á árinu 1935 um þá upphæð, sem á kjötuppbótina er heimiluð. Er því lagt til, að Alþingi beini því til stjórnarinnar að mæta útgjöldunum m. a. með því að draga úr öðrum útgjaldaliðum. Verða þá fyrir ásamt fleiru framlög til nýrra akvega. Er það ekki tilfinnanlegt fyrir einstök héruð, þó frá þeim verði dregið sem svarar 10 af hundraði, en með því móti ættu að fást um 40 þús. krónur í kjötuppbótina. Þá er og lagt til, að í uppbótina verði notaðar þær 50000 króna, sem heimilt var að nota í ár til byggingar samvinnubyggða. Er þetta lagt til sökum þess, að fyrirsjáanlegt er, að byggingum í samvinnubyggð-

um verður ekki komið upp á þessu ári, þar sem frumvarpið um samvinnu-
byggðir getur ekki orðið að lögum fyrr en á síðara hluta þessa árs. Þess er
rétt að geta hér, að til fjáröflunar í greiðslu uppbótarinnar er enn fremur
flutt sérstök breytingartillaga við frv. um bráðabirgðabreytingu nokkurra
laga, um að fresta á árinu 1935 greiðslu á hluta af útflutningsgjaldi til rækt-
unarsjóðs. Er áætlað, að þetta nemi um 40 þús. kr. Jafnhliða ber að geta
þess, að það mun verða fyrir því séð, að ræktunarsjóðurinn geti fengið að-
stöðu til að afla sér fjár í staðinn á árinu 1935 með sölu vaxtabréfa. Hnekkir
þá frestunin ekki starfsemi sjóðsins.